

Endanlegir skilmálar

HAGA 130629 1

gefnir út af Högum hf. (LEI númer 635400TICHH43JJTNP54)
í samræmi við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla
dagsettan 23. nóvember 2022

1. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 17. júlí 2026

Gengi við sölu verðbréfanna: 100,0

(„verðbréfin“ eða „skuldabréfin“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 2. mars 2026 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma Haga hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.hagar.is/fjarfestar/skuldabrefautgafa/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 *Skilmálar skuldaskjalanna* í grunnlýsingu útgefanda dags. 2. mars 2026.

Hluti I: Skilmálar

1. Útgefandi

Hagar hf. Grein 1 gildir um skuldaskjölín.

2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um skuldaskjölín.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK.

Nafnverð útgáfu: 1.320.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: Skuldaskjölín eru gefin út í einingum sem hver er 20.000.000 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréf í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerna („verðbréfamiðstöð“).

4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

6. Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Skuldabréfin er óverðtryggð.

7. Vextir

Grein 7.2 gildir um verðbréfin. Greiðsla vaxta skal vera á 1 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 13. ágúst 2026 og 13. hvers mánaðar eftir það. Vextir greiðast í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 13. júní 2029.

Form vaxta: Breytilegir vextir og gildir grein 7.2.(b) um skuldabréfin.

Viðmiðunarvextir: 1 mánaða REIBOR

Álag: 1,00%

Ákvörðunarfyrirvari viðmiðunarvaxta: Viðmiðunarvextir sem notaðir eru til að reikna út vexti fyrir hvert vaxtatímabil skulu vera festir 2 dögum fyrir fyrsta vaxtadag viðkomandi tímabils.

Upplýsingakerfi viðmiðunarvaxta: <https://sedlabanki.is/annad-efni/meginvextir-si/>.

Dagregla: Raun/360 Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 13. júní 2029. Grein 8.1 gildir um skuldabréfin.

Fjöldi og tíðni afborgana (um eina afborgun er að ræða): Ein afborgun.

Fyrsta greiðsla afborgana: 13. júní 2029

Lokagjalddagi: 13. júní 2029

Uppgreiðsluheimild: Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi

9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um skuldabréfin.

10. Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um skuldabréfin.

11. Löggjöf um útgáfuna

Grein 11(b) gildir um skuldabréfin.

12. Yfirlýsingar

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E.

13. Upplýsingakvaðir

Eftirfarandi stafliðir greinar 13.1 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D.

14. Eftirfarandi stafliðir greinar 13.2 gilda um skuldabréfin: A, B. **Almennar kvaðir**

Eftirfarandi stafliðir greinar 14 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E

15. Fjárhagsleg skilyrði

Grein 15 gildir um skuldabréfin ásamt eftirfarandi grein.

16. Eiginfjárhlutfall: Að lágmarki 25%. **Vanefndartilvik**

Eftirfarandi stafliðir greinar 16.2 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, L

17. Grein 16.3 gildir um skuldabréfin. **Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili**

Grein 17.1 gildir um skuldabréfin.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 19. janúar 2023.

Grein 17.2 gildir um skuldabréfin.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík hefur verið skipaður staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 19. janúar 2023.

18. Önnur ákvæði

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 18.1 gildir um skuldabréfin.

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um skuldabréfin.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um skuldabréfin.

Framsál: Grein 18.4 gildir um skuldabréfin.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um skuldabréfin.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um skuldabréfin.

19. Skilmálabreyting

Grein 19 gildir um skuldabréfin.

20. Sérstakar yfirlýsingar

Grein 20 gildir um skuldabréfin.

21. Eigin bréf

Grein 21 gildir um skuldabréfin.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000039527 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	17. júlí 2026.
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf. hefur umsjón með frumsölu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingabanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.
3.	Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Tilgangur útboðsins er að endurfjármagna núverandi skuldir félagsins og auka fjölbreytni fjármögnunar.
	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	4 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.312 m.kr.
	Notkun ágóða:	Fjármögnun á starfsemi útgefanda.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	9,33%. Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Undirliggjandi viðmiðunarvextir eru REIBOR vextir (Reykjavík Interbank Offer Rate) sem finna má upplýsingar um á vefsíðu Seðlabanka Íslands, https://www.sedlabanki.is/annad-efni/vextirsedlabankans-ogadrir-vextir/ , ásamt upplýsingum um þróun þeirra í fortíð.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.

6.	Lánshæfiseinkunn	
	Ef við á skal tilgreina lánshæfiseinkunn og veita stutta skýringu á merkingu lánshæfiseinkunnar:	Á ekki við.
7.	Heimild til útgáfu	
	Hagar hf. geta, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og/eða víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 10 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. Skuldaskjölin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 23. nóvember 2022 og felld undir útgáfurammann við stofnun hans. Verðbréfin hafa öll verið seld og eru að fullu greidd.	
8.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000039527
	Auðkenni:	HAGA 130629 1
	CFI númer útgáfu:	DBVUFR
	FISN númer útgáfu	HAGAR/VARI BD 20290613
9.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
10.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Ísland

F.h. Haga hf.

13. júlí 2026

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs